

Umhverfissráð - 333 (14.2.2020) - Breyting á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 vegna Hóla- og Túnhverfis

Málsnúmer : 201905163
Málsaðili : Umhverfis- og tæknisvið
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 14.02.2020

Inngangur : Þann 31. október 2019 samþykkti sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar að auglýsa breytingu á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 á þann hátt að íbúðarsvæði, reitur 312-Íb, stækkar til norðurs yfir óbyggt svæði og verður stærð reits þá 5,6 ha í stað 5,5 ha. Málsmeðferð er skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Með stækkuninni fæst ein byggingarlóð fyrir parhús. Kynningarfundur var haldin í menningarhúsinu Bergi á Dalvík 6. ágúst 2019. Áður höfðu áform um þéttingu byggðar, m.a. við Hringtún, verið kynnt á almennum borgarafundi 11. apríl 2019. Tillaga að breyttu aðalskipulagi var auglýst í Morgunblaðinu, blaði á landsvísu og Lögbirtingarblaðinu, skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 11. desember 2019 samhliða tillögu að breyttu deiliskipulagi með athugasemdafresti til 23. janúar 2020. Vegna þeirra aðstæðna sem upp komu í desember var síðan ákveðið að framlengja frest til athugasemda til 31. janúar. Níu athugasemdir bárust á auglýsingatíma við aðalskipulagsbreytinguna. Farið hefur verið yfir allar athugasemdir og tekin til þeirra afstaða. Vísast um þetta nánar til fylgiskjalsins "Samantekt athugasemda vegna Hóla- og Túnahverfis" við fundargerð þessa. Umhverfissráð óskaði eftir að fá að birta allar athugasemdir sem bárust. Fjórar athugasemdir eru birtar í heild sinni og útdráttur úr einni að ósk bréfitara.

Niðurstaða : Með hliðsjón af athugasemdum leggur umhverfissráð til að umfjöllun um nýtingu svæðis norðan Hringtúns verði vísað til endurskoðunar aðalskipulags og fallið verði frá breytingu á aðalskipulagi á þessu stigi. Afgreiðsla athugasemda kemur fram í fylgiskjalinu "Samantekt athugasemda vegna Hóla- og Túnahverfis".

Samþykkt samhljóða með fimm atkvæðum.